

**Nr. 055 / 11 Glófaxi VE 300****Skipverji slasast við löndun**

Skipaskr.nr. 968  
IMO nr 6513920  
Smíðaður: Boizenburg Þýskalandi 1964 stál  
Stærð: 243,4 brl. 349 bt.  
Mesta lengd: 38,95 m Skráð lengd: 35,04 m  
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05 m  
Vél: Callesen 552 kW 1975  
Fjöldi skipverja:



Glófaxi ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 24. mars 2011 lá Glófaxi VE 300 við bryggju í Vestmannaeyjahöfn.

Skipverjar voru að landa afla og voru nokkrir þeirra í lest skipsins. Þegar búið var að húkka í neðsta karið í þriggja kara stæðu var spilmanni gefið merki um hífingu þeirra. Einn skipverja hélt við karastæðuna á milli karanna í annari og þriðju hæð en þá féll efsta karið niður í það sem skipverjinn hélt við og varð höndin á milli. Skipverjar húkkuðu klöfunum af neðsta karinu og settu á það efsta svo þeir gætu híft karið ofan af hendinni.

Í ljós kom að slasaði hafði fingurbrotnað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn spilmanns var sérstakur búnaður til að draga körin undir lestarlúguna og því ekki þörf á að halda við stæðurnar;
- að spilmaður sagðist hafa horft á atvikið en hann geri sér ekki grein fyrir hvort orsökina var léleg og slitin kör eða þau voru ósamstæð sem oft vill vera;
- að slasaði sagði að körin hafi verið gömul og slitin og taldi að það hafi fremur verið orsök þess að það efsta hafi fallið niður í það næsta. Stæðan rann aðeins fram eftir lestargólfinu þegar tekið híft var í hana og þá sagðist slasaði hafa tekið í hana í hugsunarleysi sennilega vegna þreytu því þetta voru síðustu körin sem hífð voru upp.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.